

Saga dóttur Francía¹

Herlúðrablastur rauf kvöldkyrrðina. Í sömu andrá lokuðu konur og karlar hurðum og gluggum. Þau færðu sig í fjarlægustu horn herbergja sinna þar sem þau héldu kyrru fyrir og drógu vart andann.

Húsin virtust hörfa inn undir slúttandi hlíðarnar; lokuð hliðin drógust saman inn í þykka leirsteinsveggina; það heyrðist ekki einu sinni hundgá úr fjarska. Herlúðrablasturinn fjarlægðist við annan enda götunnar; við hinn birtist hokinn reiðmaður í hárauðum stoppuðum hnakk. Sandsléttan og ylur sólarinnar milduðu hófdyn hestsins. Undir breiðu barði flókahatts mannsins sást ekkert annað en hvöss hakan og löng vel greidd flétta. Upphnepptur jakki þrengdi að grönnum líkama hans. Þetta var hinn mikli José Gaspar Rodriguez de Francía herforingi í sínum hefðbundna leiðangri. Þennan eftirmiðdag var förinni heitið til sveitaseturs hans, í Ybyra-héraði, þar sem hann hugðist eyða helginni.

Sveitasetrið blasti brátt við honum í skjóli jasmíntrjáanna og geitatoppa. Hann hafði farið af götuslóðanum og fylgt þröngum stíg, lítt troðnum og yfirvöxnum. Hann þokaðist í gegnum óræktina og kom að ánni þar sem skógurinn iðaði af lífi og sólin baðaði sig í yfirborði hennar. Á vinstri hönd blasti sveitasetrið við. Rauðleitt þakið gnæfði yfir djúp-grænum lit appelsínutrjáanna. Allt í kring óx kjarrið mannhæðarhátt. Foringinn steig af baki og gekk inn í húsið.

Gömul hvíthærð kona tók á móti honum, ljós yfirlitum og með blágræn augu. Þetta var frú Ninfa Canjete, fjarskyld frænka og eina vinkona hans. Francía heilsaði henni af alúð en tortryggni; hann hafði tapað allri samskiptahæfni, þeim eiginleika sem hafði ein-

1 Á frummálinu ber sagan yfirskriftina „Romance de la niña Francía“ og birtist fyrst út í bókinni *Río lunado. Mitos y costumbres del Paraguay* (1998). Hér fengin úr safnritinu *Penélope sale de Itaca: Antología de cuentistas paraguayas*. Asunción: Universidad Nacional de Asunción, 2005, bls. 41 – 48.

kennt hann hvað mest sem ungan mann. Hann settist í leðurklæddan hægindastól og virtist bíða eftir einhverjum.

Tæplega tvítug stúlka birtist stuttu síðar. Stór dökk augun leiftr-uðu. Ennið var breitt og hrokkið hárið olli því að hún virtist eftirlíking gamla mannsins. En, hvaðan hafði hún erfð fölt yfirbragðið, íturvaxinn líkamann, þessa ákveðni, hreinskilni og glaðværð? Enginn var til frásagnar um það. Það var ráðgáta.

– Sestu niður, stúlka – skipaði foringinn. Hríúft yfirbragð hans hafði mildast ögn.

Samtalið varð vandræðalegt og þagnirnar náðu yfirhöndinni. Ungu stúlkan varð áhyggjufull og hikandi. Augljóslega barðist eitthvað um í brjosti hennar, eitthvað mikilvægt, ópreyjufullt, eitthvað öflugra en virðingin, eða öllu heldur sá gríðarlegi ótti sem þessi maður gat vakið hjá heilli þjóð. En stúlkan var ekki feimin. Hún þekkti vel sínar eigin langanir og hún þráði af ástríðu, af öllum þeim styrk sem hún hafði öðlast í einmanalegri æsku sinni, af eigin rammeik og hugrekki. Hún ávarpaði hann af virðingu en staðfestu.

Hún elskaði ungan mann sem hafði beðið um hönd hennar. Ungi maðurinn þorði hins vegar ekki að kynna sig fyrir foringjanum án þess að vera öruggur um velvild hans. Hann falaðist eftir samþykki sem myndi stuðla að hamingju hennar. Tekinn í andliti og með samanherptar varir virti Francía ófyrirleitni stúlkunnar fyrir sér. Hún eltist aðeins við eigin hamingju. Minningar sóttu á huga hans. Í æsku hafði hann einnig elt ástina án þess þó að uppskera. Hann hafði átt í stuttu leynilegu ástarsambandi sem hafði gert hann að föður. Fært honum hlutverk sem takmarkaðist nú síðari ár einungis við stöðu fjárhaldsmanns yfir stúlku sem hann einn vissi hvað hét.

Gat verið að nú reyndi ókunnugur maður að hrifsa frá honum það eina sem eftir lifði af þessu ástarsambandi? Var ætlunin að ögra stöðu hans. Hans sem ekki leyfði hina minnstu lítilsvirðingu við vald sitt? Hann var ekki þekktur fyrir ljúfmennsku og þetta ósvífna stúlkubarn reyndi að snerta hjarta hans. Hann hafði þegar þolað lítilsvirðingu þess að ástríðufullri þrákelkni hans var ekki fullnægt. Þessi dóttir hans vildi eigna sér nákvæmlega það sama og örlögin höfðu tekið frá honum. Hann fann hvernig innri barátta hans

magnaðist. Úr ásjónu hans brann kaldhæðni. Hann var of meðvitaður um vald sitt til þess að andmæla kröftuglega beiðni þessarar aumkunarverðu stúlku, sem frekar en nokkur annar var á hans valdi.

– Hvað heitir biðill þinn? – leyfði hann sér að spyrja, lágrí röddu, eftir nokkra þögn.

– José Antonio Rojas de Aranda – svaraði stúlkan og fölnaði skyndilega. Henni varð alvarleiki málsins ljós.

Don José Gaspar kipaði þunnar varirnar. Þessir Rojas de Aranda-menn voru þekktir fyrir leikni sína við að tæla konur. Fyrir mörgum árum hafði einn þeirra orsakað hið eilífa ójafnvægi milli hans eigin ásta og örlaga. Nú var taflinu snúið við. Hann hafði það í hendi sér að leggja blessun sína yfir hamingju stúlkunnar eða vera valdur að varanlegum missi.

– Hvar hittist þið? – spurði hann og faldi tilfinningar sínar fullkomlega.

– Í Trinidadkirkjunni, á sunnudögum eftir messu – svaraði sú sem gekk ekki undir öðru nafni en ‘stúlkan’.

Af kuldalegri reisu sneri foringinn sér að bestu vinkonu sinni.

– Ninfa – sagði hann skipandi. Stúlkan stígur ekki fæti frammar í kirkjuna. Bannið gildir þar til tíu árum eftir dauða minn. Bæði þú og vinnustúlkurnar – bætti hann við – munið sjá til þess að hún fari ekki út í bakgarðinn nema rétt til þess að fara í gönguferð. Stúlkan skal deyja án þess að sjá aftur heiðan himin yfir höfði sér.

Foringinn horfði í átt að gluggunum sem skreyttir voru jasmínsveigum; á vínviðinn sem þakti þakbrúnina og enn lengra í burtu, á appelsínutrén. Skyndilega birti yfir honum og hann bætti við:

– Á morgun sendi ég varðhund sem þið skulið binda fyrir neðan vínviðinn.

Hann gekk út á veröndina, settist á bak og hvarf inn í trjágróðurinn sem umlukinn var slæðu ljósaskiptanna. Hann skildi óumflýjanlegan harmleik eftir sig. Ógæfu sem leynt og ljóst yrði fylgt eftir eða kæfð í þögn tortrygginnar sem lá í loftinu.

Stúlkan horfði á hann fjarlægjast eins og óvin. Hún gerði sér grein fyrir því að hún gæti ekki lifað án Rojas de Aranda. Hún ásaði sjálfa sig fyrir að hafa ekki útskýrt það betur, að hafa ekki fylgt því eftir, að hafa ekki sárþænt hann. En slík hegðun var í and-

stöðu við stolt hennar, við skapgerðina sem var jafn ósveigjanleg og föður hennar.

Íbúar sveitasetursins gengu til náða þegar rökkva tók. Varðhundurinn Sultán, þandi skynfærin og beindi athyglinni upp í vindinn. Einungis stúlkan var andvaka. Angistarfull sat hún hreyfingarlaus í þögninni nálægt glugganum.

Þegar leið á nóttina sló hjarta hennar hraðar af óþreyju og tilfinningahita. Hún horfði rannsakandi yfir sveitina, á marglitan matjurtagarðinn í ljósaskiptunum. Það var eins og hún fyndi fyrir nálægð reiðmannsins sem nálgaðist meðfram ánni sem stirndi á í tunglsljósinu. Knapinn sótti áhyggjufullur fram. Hann var sveipaður skykkju,² gegnblautur hatturinn rann niður að augabrúnum. Klukkan var ekki orðin tíu þegar hann fór í gegnum skóginn. Þar faldi hann hestinn og fór fótgangandi styttri leiðina, í átt að sveitasetri frú Ninfu.

Í húsinu ríkti yfirþyrmandi þögn. Hinum fágaða skikkjuklædda manni, sem alla jafna hreyfði sig lipurlega og af öryggi, skrikaði fótur á milli appelsínutrjáanna. Varðhundurinn flaðraði upp um hann. Vonbiðillinn komst upp á gluggasylluna, kastaði hattinum aftur á hnakkann og afhjúpaði andlit sitt. Hann stakk hendinni inn á milli rimlanna og greip um mitti konu sem beið hans í rökkrunu. Vel skapaður og hávaxinn líkami dóttur Francía bar við milli rimlanna.

– Hefur þú borið upp bón okkar? – spurði ungi maðurinn. Í röddu hans mátti greina blíðu.

Stúlkan útskýrði samtál sitt við foringjann.

– Á morgun koma þeir með annan hund – sagði hún miður sín, eins og í því fælist ógn og endalok þess sem hún þráði heitast.

– Hann verður fljótlega jafn hændur að mér og Sultán – svaraði hann, brosandí. Viljandi eyddi hann áhyggjum sinnar heittelskuðu.

Þegar Rojas de Aranda yfirgaf staðinn og stökk yfir girðingu sveitasetursins, stóðu átta vopnaðir menn í vegi fyrir honum. Þeir tóku hann til fanga og fóru með til borgarinnar. Af örlögum hans hefur ekkert spurst síðan.

Stúlkan hans Francía hafði aldrei kynnst sannri gleði frelsisins. Hún var vön ófrelsinu, rétt eins og konurnar sem umkringdu hana.

2 Visað er til svokallaðra „ponsjóa“ sem frumbyggjar og sveitafólk klæðist.

Flestum dögum eyddi hún í herbergi sínu. Hún sat þar án þess að hitta neinn eða eiga samskipti við nokkurn mann; en næturnar tilheyrðu henni. Hversu oft hafði hún ekki farið á fætur, fært sig nær rimlunum, horft á tunglskinsbaðaða sveitina, ávarpað einsemdina, bölvaði þeim sem hafði umturnað væntingum hennar og grátið þar til birta tók af degi! Langlundargeði hennar var nóg boðið daginn sem henni var tilkynnt að foringinn væri kominn aftur.

– Ég vil ekki hitta hann! – æpti hún af ástriðu, næstum tryllt.
– Ég vil ekki hitta hann! síendurtók hún, dregin gegnum mannlauus herbergin af tveimur þjónustustúlkum.

Örmagna, með froðu í munnvikunum og undarlegt blik í augum, stóð hún frammi fyrir herra Francía.

– Ég hata þig! Þú ert ekki faðir minn! – mótmælti hún hvassri röddu. Háðsglott breiddist yfir andlit hennar eins og átakanleg gríma vitfirringar.

Frú Ninfa horfði á hana skelfingu lostin. Hún undradist að stúlkun hefði ekki hnigið niður eða fallið í ómegin yfir eigin orðum.

Foringinn sneri ekki aftur í gegnum kjarri vaxinn stíginn. Hann gleymdi ekki heldur þessari heiftúðugu yfirlýsingu. Hann gaf skipun um að eftir dauða sinn skyldi skipta upphæð óinnleystra launa sinna á milli hermanna og hann gaf vinnukonunum sem þjónuðu honum Ybyrar-sveitasetrið. Gagnvart umheiminum lét hann sem föðurhlutverk sitt væri ekki til. Í einrúmi, hafði hann ef til vill mælt til þess við þjónustustúlkurnar að þær hugsuðu um stúlkuna.

Þegar frú Ninfa var látin, fluttu vinnukonurnar tvær sem erfðu einræðisherrann til borgarinnar með stúlkuna. Konurnar skiptust á að vinna á heimilum háttsettra fjölskyldna og selja heimagerðan mat. Slúðrið um dularfullu konuna sem bjó með þeim sló þær aldr-ei út af laginu. Þegar þær voru spurðar breiddu þær yfir körfurnar með varningnum og drógu sig í hlé, dular og óframfærnar, eins og þær væru eltar af draugum.

Þær bjuggu við Palma-götu, þremur húsaröðum frá kirkjunni, í húsi sem nú hýsir bókabúð. Í gegnum rimlaop á efri hluta hurðarinnar tóku vegfarendur á leið til morgunmessu eftir sorgmæddri konu með úfið hár og breitt enni. Úr brostnum augum sínum virti hún vegfarendur fyrir sér. Hún grandskoðaði andlit þeirra. Augnaráð hennar fylgdi eftir skuggum þeirra sem flýttu sér hjá. Hún virtist

þjást af ólæknandi söknuði og því að hafa eitt nóttinni í leit að skugga þess sem sundraði fortíð hennar. Hún virtist úrvinda af því að hafa leitað svo lengi og árangurslaust.

Enginn bar kennsl á hana sem dóttur Francía. Í áronna rás höfðu örlögin af nákvæmri og hæglátri grimmd lagt ástríðufullt og ákaft eðlisfar hennar að velli. Í staðinn höfðu þau magnað upp einþykkni hennar og gremju, afleiðingar niðurlægjandi gæslu tveggja vinnukvenna sem sjálfar höfðu ekki upplifað æskuna, né heldur gleymt ótta fyrri tíma. Þær lifðu sem andsetnar af torskilinni þráhyggju tryggðar.

Í tilbreytingarleysi einangrunarinnar og innantómri hringiðu tilfinninganna lauk miskunnarlausu gæsluvarðhaldi vinnukvennanna tveggja með því að baráttuvilji stúlkunnar var brotinn á bak aftur. Hún varð eins meðfærileg og sterkjan sem ætluð var til framleiðslu á *chipá* korn-bollum.

Hún þekkti enga fyrir utan luktur dyrnar. Hún átti ekkert sem hún gat notað til að heilla eða múta vörðunum með. Umheimurinn vissi ekki hver hún var. Hvern átti hún að grátbiðja? Aðeins í hennar eigin hugarfylgsni brá fyrir mynd þess sem eitt sinn hafði heillað hana. Þess sem hefði getað gert kraftaverk í lífi hennar, þess sem hún missti án þess að hafa fengið. Auk þess var hinn mikli einnig horfinn,³ sá sem að minnsta kosti hefði stuðlað að tilbreytingu með því að bregðast við andspyrnu hennar. Þegar öllu var á botninn hvolft, hvert gat hún beint mótþróa sínum? Einmanaleikinn og arfleifð föðursins höfðu þegar ráðið örlögum hennar.

Þennan tiltekna morgun baðaði sólin yfirborð árinna. Glæðværdin sem lá í loftinu nægði til þess að ungu stúlkurnar sem komu út úr kirkjunni brostu ósjálfrátt. Á degi sem þessum, þegar dóttir Francía hefði viljað ganga um götur Asunción-borgar, báru fjórir hermenn jarðneskar leifar hennar til hinstu hvílu. Fyrir aftan þá gengu vinnukonurnar tvær, með andlitin hulin klútum sem þær notuðu einnig sem slæður, árvökular, eins og þær væru enn hissa á fjarveru einvaldsins.

Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr spænsku

3 Concepción notar hér hugtakið „el supremo“, hinn mikli, voldugi, máttugi, öflug.